

lifir í hjónabandi við móður barnanna, þá leiði eigi þar af, að stjúpbörn hafi lagaskyldu **30**  
til þess að framfæra stjúpfóreltra sína, en að öðru leyti getur hreppsnefndaroddviti þessi 19. febr.  
leitað úrslita dómstólanna um þetta mál.

**Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um kjörbækur við prestakosningar. 31**

— Í þóknanlegu brjefi 12. þ. m. hafa hin heiðruðu stiptsyfirvöld beiðst úrlausnar minn- 21. febr.  
ar úr eptirfylgjandi fyrirspurnum prófastsins í Rangárvalla prófastsdæmi, viðvíkjandi  
framkvæmd á lögum 8. jan. f. á., um hluttöku safnaða í veitingu brauða:

- 1., hvort prófastsdæminu eigi ekki að tilleggjast slíkar kjörbækur, sem nefndar eru  
í 6. gr. nefndra laga, og sje svo, þá í hverju formi og með hverju fyrir-  
komulagi,
- 2., á hvers kostnað þær eigi að tilleggjast,
- 3., hver eigi að löggilda þær.

Út af þessu vil jeg hjermeð þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbein-  
ingar og frekari birtingar það er nú skal sagt.

Um 1. Hvert prófastsdæmi á landinu á að hafa kjörbók, er hlutaðeigandi kjör-  
stjórnir skulu í rita skýrslu um það, sem gjörist á hverjum prestakosningarfundi í pró-  
fastsdæminu, og skal þá einnig innfæra sjálfa atkvæðagreiðsluna í kjörbókina í sama  
formi og hún á að sjást af kjörskránum. En kjörskrárnar eiga að vera lagaðar eins og  
kjörskrárnar til alþingis, þannig að þær innihaldi í sjerstökum dálkum nöfn kjósen-  
anda, þar sem í skal ritað nafn þess, er hann kýs.

Um 2. Kostnaður við útvegum kjörbókanna verður greiddur úr landssjóði.

Um 3. Það virðist rjett, að biskupinn löggildi kjörbækurnar.

**S k ý r s l a**

um styrktarsjóði prestaskólans við árslok 1886.

**1. Prestaskólasjóðurinn.**

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1885:			
a,	kgl. skuldabryef . . . . .	kr. 3100,00	
b,	veðskuldabryef einstaks manns . . . . .	— 300,00	
c,	peningar hjá forstöðumanni prestaskólans . . . . .	— 32,60	kr. 3432,60
2. Vextir á árinu 1886:			
a,	af kgl. skuldabryefum . . . . .	kr. 124,00	
b,	af skuldabryefi einstaks manns . . . . .	— 12,00	
c,	af peningum í sparissjóði . . . . .	— 0,87	— 136,87
			kr. 3569,47

Útgjöld:

1.	Styrkur veittur stúdentum . . . . .	kr. 100,00	
2. Eptirstöðvar við árslok 1886:			
a,	kgl. skuldabryef . . . . .	kr. 3100,00	
			Flyt kr. 3100,00 kr. 100,00